



REGLUR LANDSBANKANS UM MAT Á ÁHÆTTU Á PENINGAÞVÆTTI OG FJÁRMÖGNUN HRYÐJUVERKA

Regla nr. NBIID04-08 | Samþykkt mars 2009 | Endurskoðun mars 2009 | Regluvörður

1. INNGANGUR

Reglur þessar eru settar á grundvelli 7. gr. laga nr. 64/2006, um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, þar sem fjármálafyrirtækjum er heimilt að ákveða umfang könnunar á áreiðanleika upplýsinga viðskiptavina út frá mati á hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Reglur þessar um mat á hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka eru viðauki við reglur NBI hf. (hér eftir nefndur „Landsbankinn“) um öflun gagna um viðskiptavini og reglur bankans um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

2. GRUNDVÖLLUR ÁHÆTTUMATS

Áhættumatsreglur þessar byggja umfang upplýsingaöflunar, og eftir atvikum annarra ráðstafana gagnvart viðskiptavini, á mati vegna hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Þegar könnun á áreiðanleika viðskiptavinar fer fram skal staða viðskiptavinar skoðuð út frá:

- Áhættu vegna tengsla við tiltekið land;
- Áhættu vegna tiltekins hóps viðskiptavina; og/eða
- Áhættu vegna tiltekinna þjónustu.

Í öllum tilvikum skal kanna sérstaklega kringumstæður og bakgrunn viðskiptavinar þannig að unnt verði að meta umfang þeirrar áhættu sem viðskiptin hafa í för með sér. Umfang áhættumats er grundvallað á:

- Tegund viðskiptavinar;
- Viðskiptatengslum;
- Eðli viðskiptanna; og/eða
- Þeim upplýsingum sem bankinn hefur aflað um viðskiptavin.

3. ÁHÆTTUFLOKKUN VIÐSKIPTAVINA

Tilgangur áhættumats er að draga úr meintri áhættu sem stafar af einstökum viðskiptavini eða einstökum viðskiptum. Flokka má viðskipti eða viðskiptavini samkvæmt eftirfarandi áhættuþáttum:

A. Búseta viðskiptavinar

Lítill áhætta stafar af þeim viðskiptavinum sem búsettir eru eða hafa starfsemi innan þjóðríkis eða lögsögu sem hefur sett sér fullnægjandi reglur um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Viðskipti við erlenda viðskiptavini sem búsettir eru eða hafa starfsami í ríki sem þekkt er að því að framfylgja ekki eða framfylgja með ófullkomnum hætti alþjóðlegum viðmiðum og reglum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka eru áhættumeiri viðskipti.

B. Viðskiptavinur er fjármálafyrirtæki

Þegar millibankatengslum eða svipuðum viðskiptatengslum við erlend fjármálafyrirtæki utan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) er komið á er þörf á strangara áhættumati en ef viðskiptavinur er starfandi fjármálafyrirtæki innan EES og hefur sett sér fullnægjandi reglur um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Mikilvægt er að bankinn fullvissi sig um það með fullnægjandi hætti að fjármálafyrirtæki utan EES sem óska eftir viðskiptum starfi í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru til fjármálafyrirtækja innan EES.

Viðskipti við fjármálafyrirtæki sem starfa í umhverfi þar sem aðeins eru uppfylltar lágmarks kröfur um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka eru áhættumeiri en viðskipti við fjármálafyrirtæki sem starfa í þeim löndum sem fylgja sömu viðmiðum og Ísland.

C. Viðskipti við skráð félög

Lítill áhætta stafar af fyrirtækjum og dótturfélögum þeirra fyrirtækja sem eru skráð í viðurkenndum kauphöllum.

D. Nafnlaus viðskipti

Mikil áhætta stafar af þeim viðskiptavinum sem óska eftir nafnleynd í viðskiptum sínum eða um er að ræða vörur eða viðskipti þar sem hvatt er til nafnleyndar.

E. Fyrirtæki þekkt fyrir að fylgja ekki reglum

Viðskipti við fyrirtæki, þ.m.t. fjármálafyrirtæki, sem þekkt er að því að fara ekki að alþjóðlegum reglum og viðmiðum um aðgerðir til að verjast peningabætti og fjármögnun hryðjuverka flokkast sem áhættumikil viðskipti.

F. Aðili í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla

Ef komið er á samningssambandi eða viðskiptum við einstaklinga sem teljast vera í áhættuhópi vegna stjórn mála legra tengsla sinna og eru búsettir í öðru landi telst það til áhættumikilla viðskipta. Til þessa hóps teljast þeir sem eru eða hafa verið háttsettir í opinberri þjónustu, svo sem forsetar, ráðherrar og þingmenn, og nánasta fjölskylda þeirra eða einstaklingar sem vitað er að eru nánir samstarfsmenn þeirra.

G. Þekktir viðskiptavinir

Lítill áhætta stafar af þeim viðskiptavinum sem hafa verið í langtíma viðskiptum við bankann og hafa þegar sannað á sér deili.

H. Áhætta af tilteknum viðskiptavinum

Meta þarf hvern viðskiptavin fyrir sig með það í huga hvort hann geti valdið meiri hættu á peningabætti og fjármögnun hryðjuverka en aðrir. Eftirfarandi einkenni viðskiptavinar geta gefið vísbendingu um aukna hættu á peningabætti:

- Tregi viðskiptavinar til að gefa persónuupplýsingar.
- Engar eða takmarkaðar upplýsingar eru veittar um uppruna fjármagns.
- Viðskipti við aðila sem kemur fram fyrir hönd þriðja aðila.
- Mikil viðskipti með reiðufé (og ígildi reiðufjár).
- Millifærslur með háar fjárhæðir milli reikninga sem ekki eru í eigu sömu aðila og engin augljós tengsl eru á milli þeirra.
- Greiðslur á reikning berast frá löndum þar sem spilling og glæpastarfsemi er útbreidd.
- Fyrirtæki sem stendur fyrir fjárhættuspilum, spilavíti eða starfsemi tengd slíku.
- Fyrirtæki þar sem almennt er ekki mikið um viðskipti með reiðufé, veltur oft töluverðum fjárhæðum í reiðufé í tilteknum viðskiptum.
- Öll óvenjuleg viðskipti, þ.e. viðskipti sem eru frábrugðin því sem viðskiptavinur, eða aðili í svipaðri stöðu, á alla jafna.

I. Fjarsala

Mikil áhætta stafar af þeim viðskiptavinum sem ekki eru viðstaddir í eigin persónu til að sanna á sér deili.

Framangreint á almennt ekki við um þá viðskiptavini sem óska eftir þjónustu sem bankinn býður viðskiptavinum sínum einkum í gegnum fjarsölu, t.d. þjónusta sú sem bankinn veitir aðeins í gegnum Internet. Við upphaf viðskipta með fjarsölu skulu gerðar auknar kröfur um upplýsingar um viðskiptavin.

4. ÁHÆTTUFLOKKUN ÞJÓNUSTU

Taka skal tillit til þess þegar metið er hvar almennt sé mest hættu á peningabætti hvaða þjónusta sé veitt hverju sinni.


Ef háar fjárhæðir eiga að skipta um hendur eða viðskipti eru óvenjulega flókin miðað við það sem almennt má búast við af viðskiptavinum í svipaðri stöðu getur það leitt til þess að viðskiptavinur sem almennt er ekki talinn í áhættuhópi myndi flokkast sem slíkur. Sé hins vegar um viðskipti fyrir lágar fjárhæðir að ræða hjá viðskiptavinum sem almennt flokkuðust í áhættuhópi gæti það þýtt að slíkur viðskiptavinur yrði flokkaður á lægra áhættustig en ella.

5. ÁHÆTTUFLOKKUNARKERFI

Viðskiptavinir og sú þjónusta sem bankinn veitir viðskiptavinum sínum hafa verið flokkaðir í þrjá áhættuflokka sem endurspeгла mat á áhættuþáttum viðskiptanna. Markmið áhættuflokkunar er að meta líkur á peningabætti í viðskiptum þeirra.

Áhættuflokkarnir eru þrír:

- A. Low
- B. Medium
- C. High



6. ÁREIÐANLEIKAKÖNNUN

- A. Undanþága frá könnun á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptavin
Low due diligence check (Low)

Til að trufla ekki eðlilegan framgang viðskipta má fresta upplýsingaöflun þar til samningssamband hefur stofnast í þeim tilvikum þar sem lítil hættu er talin á peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka. Viðskiptavinur skal í slíkum tilvikum sanna á sér deili eins fljótt og því verður komið við.

Heimilt er að opna bankareikning fyrir viðskiptavin þrátt fyrir að skilyrðum um könnun á áreiðanleika viðskiptavina sé ekki fullnægt að því tilskildu að tryggt sé að færslur út af reikningi verði ekki framkvæmdar fyrr en hann hefur sannað á sér deili.

Þar sem tiltekin þjónusta er aðeins veitt í gegnum fjarsölu skal bankinn gera viðeigandi ráðstafanir til að kanna áreiðanleika þeirra viðskiptavina sem óska eftir viðskiptum með þeim hætti. Landsbankinn skal notast við búnað sem staðfestir deili viðskiptavinarins og viðurkenndur er í því ríki þar sem þjónustan er boðin. Þá skal gerð krafa um að viðskiptavinurinn eigi reikning í öðru eftirlitsskyldu fjármálafyrirtæki og að Landsbankinn hafi staðfestingu þess efnis.

- B. Könnun á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptavin
Standard due diligence check (STD)

Áður en viðskiptum er komið á eða áður en viðskipti eiga sér stað skal nýr viðskiptavinur sanna á sér deili með eftirfarandi hætti:

Einstaklingar: með framvísun persónuskilríkja sem gefin eru út af opinberum aðila.

Lögaðilar: með framlagningu vottorðs úr fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra eða sambærilegri opinberri skrá með heiti, heimilisfangi og kennitölu eða sambærilegum upplýsingum. Jafnframt er gerð krafa um að fullnægjandi

upplýsingar séu veittar um raunverulegan eiganda. Prókúruhafar skulu sanna deili á sér með sama hætti og einstaklingar.

Afla skal upplýsinga um tilganginn með fyrirhuguðum viðskiptum hjá verðandi viðskiptavin.

Hafi einstaklingur eða starfsmaður tilkynningarskylds aðila vitneskju um eða ástæðu til að ætla að tiltekin viðskipti fari fram í þágu þriðja manns skal viðskiptavinur krafinn upplýsinga um hver sá þriðji maður er.

C. Auknar kröfur til könnunar á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptavin Enhanced due diligence check (EDD)

Áður en til viðskipta er stofnað skal afla samþykkis frá Regluvörslu og frá yfirmanni þeirrar deildar þar sem viðskiptanna er óskað.

Grípa skal til viðeigandi ráðstafana til að sannreyna uppruna fjármuna sem notaðir eru í viðskiptasambandinu. Með því er átt við að aflað skuli upplýsinga um eignir og tekjur viðkomandi til að geta metið hvort viðskiptin séu í eðlilegum tengslum við fjárhagslega stöðu hans.

Auknar kröfur til könnunar á áreiðanleika upplýsinga geta falist í a.m.k. einni af eftirfarandi aðgerðum:

- Öflun viðbótargagna um viðskiptavin, svo sem um fyrri bankaviðskipti, auk frekari sannana um lögheimili og heimilisfang.
- Staðfestingu á áreiðanleika gagna sem er aflað, t.d. frá opinberum aðila, frá fjármálafyrirtæki, vinnuveitanda eða öðrum aðilum.
- Gera kröfu um að fyrsta greiðsla sé gerð í nafni viðskiptavinar og af reikningi sem hann hefur stofnað í starfandi fjármálafyrirtæki.
- Frekari upplýsingar um uppruna fjármagns.
- Gögn um viðskiptavin skulu fela í sér fullnægjandi upplýsingar til að geta gefið af honum rétta mynd.

7. AÐGERÐIR TIL AÐ DRAGA ÚR ÁHÆTTU

Landsbankinn hefur innleitt viðeigandi aðgerðir til að draga úr hættunni á peningaþvætti. Þessar aðgerðir kunna m.a. að fela í sér eitt eða fleiri af neðangreindum atriðum.

- Starfsmenn skulu vera meðvitaðari en ella um aukna áhættu í tilteknum viðskiptum.
- Aukin upplýsingaöflun frá viðskiptavinum (KYC) og/eða strangari áreiðanleikakannanir.
- Aukið eftirlit með einstökum viðskiptum eða viðskipafærslum.
- Reglubundið eftirlit og reglubundnar áreiðanleikakannanir á meðan viðskiptasambandi stendur aukið.